

Úrskurð þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson borgarfégeti og meðdómsmennirnir Reynir Ragnarsson, löggiltur endurskoðandi, og Þorgeir Örlygsson, settur prófessor.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Loforð það er sóknaraðili, Saltsalan hf., gaf um áskrift fyrir hlutafé í Hafskipi hf. skuldbindur hann eigi.

Viðurkennd er krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., um greiðslu á kr. 5.000.000,00 með þeim greiðslu- og verðtryggingarákvæðum er í skuldabréfum þeim greinir sem sóknaraðili gaf út þann 21. febrúar 1985. Krafa þessi kemur í skuldaröð þrotabús Hafskips hf. skv. 85. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og fellur niður verði sóknaraðila afhent skuldabréfin án greiðslu þeirra.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. desember 1988.

Nr. 413/1988. **Hörður Rist Ólafsson**

gegn

Sigurjóni Sigurðssyni

Böðvari Bragasyni og

Bjarka Elíassyni

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. nóvember sl., sem barst Hæstarétti 19. þ.m. ásamt greinargerð varnaraðila. Kæruheimild er 21. gr. 1. mgr. 1. tl. b laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að dæma um efni málsins.

Varnaraðilar krefjast staðfestingar héraðsdóms.

Með vísun til forsendna hins kærða dóms og 105. gr. 1. mgr. laga nr. 85/1936 sbr. lög nr. 54/1988 12. gr. ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ekki er gerð krafa um kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur er staðfestur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. nóvember 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. október 1988, höfðaði Hörður Ólafsson hrl., kennitala 12.09.21.4799, Njálsgötu 87, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri þann 30. september og 1. október 1988, gegn Sigurjóni Sigurðssyni, kennitala 16.08.15.2139, Ægissíðu 58, Reykjavík, Böðvari Bragásyni, kennitala 04.10.38.4629, Tómasarhaga 26, Reykjavík, og Bjarka Elíassyni, kennitala 15.05.23.4949, Frostaskjóli 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 200.000,00 með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þingfestingu málsins til greiðsludags og málskostnaðar skv. texta LMFÍ. Vaxtavaxta er krafist á 12 mánaða fresti og dráttarvaxta á málskostnað 15 dögum eftir dómsuppsögu.

Við þingfestingu málsins var ekki mætt af hálfu stefndu.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo að hann hafi haft byssuleyfi frá því að hann var rúmlega tvítugur. Leyfið hafi verið endurnýjað 15. október 1979, leyfisnúmer 2581, og hafi það gilt fyrir þeirri byssu, sem stefnandi átti, Simson-Suhl tvíhleypu, nr. 210784, hlaupvídd 12. Byssuna hafi stefnandi átt mjög lengi og þótt mjög vænt um hana. Leyfið hafi ekki verið afturkallað.

Þann 5. mars 1982 hafi bifreið stefnanda verið stöðvuð af lögreglunni í Reykjavík og lögreglan tekið ofangreinda byssu, sem var í aftursætinu, í sína vörslu. Stefnandi kveðst hafa gert mýmargar tilraunir til að fá byssuna afhenta, með ferðum á fund stefnda Sigurjóns, sem þá hafi verið lögreglustjóri, á fund stefnda Bjarka, sem hafi verið yfirlögregluþjónn, og seinna einnig á fund stefnda Böðvars, sem þá hafi verið orðinn lögreglustjóri, en allt komið fyrir ekki. Stefnandi kveðst því loks hafa stungið upp á því vorið 1987 við stefnda Böðvar að hann fengi að selja byssuna í Vestur-röst. Hafi byssan selst þar 1. júlí 1987 eða þar um bil fyrir kr. 27.000,00.

Stefnandi bendir á að í 6. kafla laga nr. 46/1976 séu nefndar nokkrar

ákvarðanir lögreglustjóra: 31. gr. um afturköllun leyfis, 32. gr. 2. mgr. um sölu að liðnum einum mánuði frá leyfissviptingu og 3. mgr. sömu gr. um eyðileggingu „efnis“, sem sé „lélegt og verðlaust“. Þessar ákvarðanir hefði verið unnt að kæra til dómsmálaráðuneytisins innan mánaðar, en málskot hefði ekki frestað leyfissviptingu eða verkun hennar sbr. 33. gr. i.f. Stefnandi telur lögin þarna gera ráð fyrir kærانlegri leyfissviptingu. Stefnandi telur stefndu því utan þessara laga í málinu, en vel innan 1. mgr. 257. gr. hegningarlagaanna nr. 19/1940 og svo innan 134., 135., 138. og 139. gr. sömu laga. Stefnandi kveðst þó ekki óska þess að stefndu sæti refsingu.

Stefnandi telur að stefndir lögreglumenn geti ekki orðið „stikkfriir“ af lögbrotum og bótaskyldu þótt þeir klæðist einkennisbúningi. Hann vísar til óskráðra laga skaðabótaréttarins, svo og til 257. og 264. gr. laga nr. 19/1984.

Niðurstaða dómsins.

Samkvæmt því sem fram kemur í kröfugerð stefnanda krefur hann stefndu in solidum um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 200.000,00. Tilvisun stefnanda til óskráðra laga skaðabótaréttarins verður að skilja svo að hann hafi þar almennu skaðabótaregluna í huga og því sé um bótakröfu vegna fjártjóns að ræða. Tilvisun til 264. gr. laga nr. 19/1940 verður að skilja svo að hluti skaðabótakröfunnar sé vegna miska.

Stefnandi geri hvorki tilraun til þess að sýna fram á með hvaða hætti hann hafi orðið fyrir fjártjóni né heldur hvernig fjárhæð bótakröfunnar vegna þess er fundin. Þá er umkrafin bótafjárhæð ekki sundurliðuð í bætur vegna fjártjóns annars vegar og miska hins vegar en kröfugerðin sýnist ná til hvorutveggja.

Þá er ekki ljóst hvernig persónulegri aðild stefndu að máli þessu er háttað.

Telja verður að hér sé um slíka vanreisun að ræða og óskýran málatilbúnað að ekki samrýmist 88. gr. laga nr. 85/1936 sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist þrátt fyrir útivist af hálfu stefndu að vísa málinu ex officio frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Bjarni Magnússon ftr. yfirborgardómara kvað upp þennan dóm.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.